



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Haustönn 2022

## LAND2EL05

(Almenn Landfræði, eðlisræn landafræði)

Kennari:	<b>Brynja Valgeirsdóttir (BV) brynjav@fsu.is</b>
----------	--

### Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á að efla sjálfstæði og vönduð vinnubrögð nemenda við lausn margvíslegra landfræðilegra verkefna. Sérstök áhersla er lögð á kortagerð, framsetningu upplýsinga á kortum og túlkun korta. Nemendur vinna með innlenda og erlenda kortagrunna. Meginefni áfangans fjallar um myndun og mótun lands af völdum innri og ytri afla, um veður og veðurfar, höf og hafstrauma og loftslag, gróður og gróðurfar ásamt þeim beinu og óbeinu áhrifum sem maðurinn hefur á umhverfi og vistkerfi. Áfanginn er verkefnatengdur þar sem nemendur leysa margvísleg verkefni í tengslum við umfjöllunarefni áfangans.

**Þekkingarviðmið** - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Helstu hugtökum í náttúrulegum landafræði.
- Helstu kortagrunnum á alnetinu, bæði íslenskum og alþjóðlegum.
- Helstu öflum sem vinna að myndun og mótun lands.
- Helstu áhrifavöldum á umhverfi í breiðum skilningi.

**Leikniviðmið** - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Nýta sér kort og kortagrunna til afla sér upplýsinga um margvísleg náttúrufarsleg fyrirbrigði.
- Leita sér upplýsinga um náttúrufar og náttúrufarsleg fyrirbrigði á alnetinu.
- Greina náttúrufarsleg fyrirbrigði sem hann sér í umhverfi sínu.

**Hæfniviðmið** - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Draga ályktanir af þeim náttúrufarslegu fyrirbrigðum sem hann sér í umhverfi sínu.
- Tengja saman ólíka umhverfisþætti til að geta mótað heildarmynd.
- Spá fyrir um þróun náttúrulegra fyrirbrigða til skamms tíma.
- Vinna í samvinnu við meðnemendur að gagnaleit og túlkun gagna.
- Geta rökrætt mögulegar túlkanir niðurstaðna.
- Geta fært rök fyrir niðurstöðum og ályktunum á þann hátt að áheyandi/lesandi með góðan almennan skilning á efninu en án þess að hafa sérstaka innsýn í viðkomandi atriði geti á sett sig inn í efnið og dregið eigin ályktanir.

## Námsefni:

Landafræði, maðurinn auðlindirnar umhverfið: Kaflar 1 – 2 og 4 – 6. Kaflar 5, 6 og 12. Sumir kaflar eru teknir að hluta til. Annað efni af netinu eftir ábendingu kennara. Vísanir til annars efnis verða settar á Innu.

## Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni	Verkefni/viðfangsefni
1. - 3.	5. janúar - 22. janúar	<i>Kennsla hefst fim. 5. janúar</i> Námsáætlun áfangans kynnt <b>ALMENN LANDAFRÆÐI- LOTA 1</b> <ul style="list-style-type: none"><li>- Almenn landafræði</li><li>- Kort og kortagerð</li><li>- Fjarkönnunn</li><li>- Jörðin reikistjarnan okkar</li><li>- Kafli 1 og 2 í kennslubók. bls 8-39</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>- Staðfræði 1</li><li>- Staðfræði 2</li><li>- Staðfræði 3</li><li>- <b>Ýmsar spurningar</b></li><li>- Kortalestur</li><li>- <b>Loftmyndir</b></li><li>- <b>Landupplýsingavefur Árborgar, stutt verkefni</b></li><li>- <i>Landupplýsingavefur Árborgar, hópverkefni</i></li><li>- <i>Stutt svör</i></li><li>- <u>Lotupróf 1</u></li></ul>
4. - 9.	23. janúar - 5. mars	<i>Miðannarmat, lokaskil fös. 24. febrúar.</i> <b>ÖFL- LOTA 2</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Innri gerð jarðar og landrek</li><li>• Eldvirkni og innri öfl</li><li>• Veðrun og rof</li><li>• Jöklar</li><li>• Hringrás næringarefna og jarðvegur</li></ul> Kafli 4 í kennslubókinni. bls. 69-81 og 97-117 <ul style="list-style-type: none"><li>- Horfum á 2 heimildamyndir, eina stutta og eina aðeins lengri</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Innri bygging jarðar</li><li>• Flekar</li><li>• <b>Valverkefni-innri gerð jarðar og landrek</b></li><li>• Jarðskjálftar</li><li>• Veðrun og rof</li><li>• Ár og vötn</li><li>• Jarðvegur - vefsíðuverkefni</li><li>• Jarðvegur</li><li>• Jarðskjálftinn og flóðbylgjan í Japan</li><li>• <b>Veðrun og rof í mínu umhverfi</b></li><li>• <i>Jöklar- tilraun</i></li><li>• <i>Eldstöðvar</i></li><li>• <u>Lotupróf 2</u></li></ul>
			-

10. - 13.	6. mars - 2. apríl  <b>Páskafrí</b> 3. apríl – 11. apríl	<b>VATN- LOTA 3</b>  - <b>Vatnið – lífsnauðsynleg auðlind</b> - <b>Nytjavatn og vatnsorka á Íslandi</b> - <b>Höf og hafstraumar</b> - <b>Nýting hafsins</b>  Kafli 5 og 12 í kennslubókinni. bls. 124-133, 139-153, 352-359.  - Horfum á heimildarmynd um mengun í hafi	- Hringrás vatns og grunnvatn - Vatnsnotkun mín - Höf og straumar - Sjávarföll - <b>Hringrás vatns-sköpun</b> - <b>Heimildamynd- plastic ocean</b> - <i>Virkjanir</i> - <i>Nærumhverfið og hafið-vandamál</i> - <u>Lotupróf 3</u>
14.- 17.	12. apríl - 5. maí	<i>Síðasti kennsludagur fös 5. maí</i>  <b>VEÐUR OG GRÓÐURFAR- LOTA 4</b>  • Fellibylir og lofthjúpur jarðar • Vindakerfi jarðar • Loftslag • Gróðurfar  Kafli 6 í kennslubókinni. bls. 160-195.	• Fellibylur • Lofthjúpur jarðar, hæðir og lægðir • <b>Valverkefni-fellibylir og lofthjúpur jarðar</b> • <b>Veðurspá með windy.com</b> • Vindakerfi jarðar • Loftslagsrit • Loftslagsmál • <i>Veðurverkefni</i> • <i>Gróðurfarskort</i> • <u>Lotupróf 4</u>
18.	2. maí – 5. maí	- Lokanámsmat hefst mán. 8. maí. - Brautskráning 26. maí	Skrapvika 2.-5. maí

### Sérreglur áfangans:

Nemandi þarf að ná 5,00 að meðaltali til að hafa staðist áfangann. Lágmarkseinkunn í einstökum verkefnum er 1,00. Skili nemandi verkefni sem metið er til einkunnar undir 1,00 verður þeirri úrlausn eytt. Verkefninu telst engu að síður skilað en þá án einkunnar enda gefst nemandi kostur á því að skila verkefninu að nýju eftir að fyrri úrlausn var eytt. Skili nemandi verkefninu að nýju gildir sú úrlausn til mats í áfanganum.

Nú skilar nemandi ekki einhverju verkefni og dregst þá full einkunn fyrir það verkefni frá fenginni lokaeinkunn fyrir önnur verkefni.

## Námsmat:

Áfanginn er lotubundinn símatsáfangi þar sem öll vinna nemanda reiknast til einkunnar samkvæmt nánar tilgreindu vægi (sjá fyrir neðan). Reynt verður að fara jafn harðan yfir þau verkefni þar sem fyrirgjöf er ekki að fullu sjálfvirk þannig að nemendur sjái ávallt hve langt á veg þeir eru komnir á hverjum tíma.

Í síðustu kennsluviku verður gefinn kostur á að vinna verkefni úr fyrri lotum sem einhverra hluta vegna kunna að vera óunnin. Einkunn fyrir óunnin verkefni er einkuninn 0, seim reiknast þá inn í lokaeinkunn.

Í áætlun hér fyrir ofan eru stærri verkefni skáletruð, minni verkefni feitletruð og tímaverkefni ekki með sérstakt letur. Tekið er meðaltal af stærri og minni verkefnum en tímaverkefni reiknast hvort þau hafi verið unnin eða ekki. Nemendur fá samt einkunn fyrir tímaverkefni, ef nemandi fær ítrekað lága einkunn fyrir tímaverkefni reiknast það eins og nemandi hafi ekki sett metnað í verkefnið og fær þar af leiðandi lélega einkunn fyrir tímaverkefni þó svo að hann hafi unnið þau öll.

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
<i>Stærri verkefni</i>	Nemendur vinna nokkur stærri verkefni yfir önnina.	35%
<b>Minni verkefni</b>	Nemendur vinna nokkur minni verkefni yfir önnina.	25%
Tímaverkefni og virkni og ástundun	Nemendur skila tímaverkefnum í tíma. Metin er einnig virkni og ástundun ásamt mætingu.	15%
Lotupróf	Fjögur stutt rafræn gagnapróf yfir önnina	25%

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**